

## Stjórnarfundur Félags hrossabænda haldinn í Bændahöllinni 2. febrúar 2010

Mætt voru: Kristinn Guðnason, formaður, Sigbjörn Björnsson, Eypór Einarsson, Ólafur Einarsson, Magnús Jósefsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritar fundargerð.

Kristinn Guðnason bauð gesti velkomna og setti fund kl. 11:15.

Ásta Möller og Kristinn Hugason komu til fundar og kynntu starf **nefndar um markaðssetningu íslenska hestsins erlendis**. Þau fóru yfir skýrslu nefndarinnar og ÁM lagði áherslu á hinn upprunalega íslenska hest og mikilvægi þess að Íslendingar missi ekki markaði sem aðrir geta sinnt, t.d. Þjóðverjar. Tryggja þurfi forystuhlutverkið.

Ásta sagði hestaheiminn hér á landi góðan og að grunnurinn væri til staðar. Margir styrkleikar til að byggja á og ekki þyrfti að laga marga veikleika. Nefndi að hægt væri að markaðssetja vetrarfrí á Íslandi, í stað sólarlandaferða eða skíðaferða t.d. Fólk vill allan pakkann – fatnaður, reiðtygi og þjónusta líka. Erfitt að „gúgla“ íslenska hestinn, þar ætti WorldFengur að vera fyrsta gátt. Hægt að þróa hann til að tengja inn á upplýsingasíður sem og setja inn á hann ýmsar upplýsingar.

Kristinn Hugason ræddi málflutning Bændablaðsins varðandi skýrsluna og sagði hann með eindæmum. Nefndin lagði til að notast yrði við tölur frá Hagstofu, ekki BÍ, en skýrslan er ekki ónýtt fyrir vikið! Nefndin vill opna WorldFeng, áhugamenn þurfa að komast þar inn. Hann þarf að útvíkka þannig að alhliða kynning fari þar í gegn. Hægt að finna ýmsar tekjuleiðir, s.s. auglýsingar og tengla.

Kristinn sagði vanta upp á kynningarefni BÍ, t.d. efni af ráðstefnum sem ætti að vera aðgengilegt á vefnum.

Markaðsvika að vetri- Vísast til FHB ofl. Uppboðsmarkaður – gæti skapað stemmingu. Vel ættuð ung tryppi ekki síst.

Mikið áunnist með íslenska hestinn á Íslandi, en við þurfum að gera svo miklu meira. Eina útflutningsgreinin sem stenst alþjóðalegan samanburð. Olympíuleikar eru margra ára markmið. Þarf að fjölga þjóðum í FEIF og ná svo til forystu Olympíuleikanna.

Umræður: Eypór velti fyrir sér rekstri WF ef taka á af honum áskrift og ekki komi til opinber framlög annars vegar og svo útvíkka hann hins vegar? WF er mikil gulrót til að halda fólki í félögum. Félögin eru sterkar stoðir undir Íslandshestaheiminn, þurfum að halda fólki inni. Finnst þetta virka vel eins og það er í dag.

ÁM segir gagnvart markaðnum virki þetta betur í hina áttina – opna hann og setja þar inn tengingar. Kristinn Guðnason sagðist sakna úr skýrslunni umræðu um Eiðföxa. Opinbert fé var lagt í hann á sínum tíma til að bjarga honum þar sem hann væri svo nauðsynlegur. Hvernig sér nefndin hans hlutverk fyrir sér?

Ólafur sagðist stoppa við olympíuleikana. Höfum ekki haft efni á því að kynna hestinn á ýmsum sýningum hingað til, hvernig ætlum við þá að hafa burði í þetta?

Hulda velti fyrir sér hvaða burði félögin hafi til að taka við þeim verkefnum sem skýrslan vísar á þau. Ekkert fjármagn að hafa og takmarkað starfsmannahald.

Sigbjörn sagði stjórnvöld þurfa að styðja við WF, mikilvægt að vernda upprunalandið, WF er einstakt

tæki. Veltir fyrir sér hvort hægt sé að endurselja WF til annarra hestakynja? Gera hann verðmætari þannig.

KG sagði ýmis verkefni í skýrslunni sem við erum fylgjandi – en það vantar fjármagn! Til dæmis Knapamerkin, keppnisgögn í WF og fleira mikilvægt.

Svo er alltaf verið að tala um að markaðssetja meira keppnishestana, en við eigum aldrei nóg af þeim. Alltaf fólk sem vill kaupa þá. Við höfum byggt mikið undir markaðinn, fjölskylduhesturinn er stoðin, en verðið fyrir þá er óásættanlegt. Alltaf biðlist eftir álitlegum tryppum (sbr. Uppboðshugmynd).

ÁM segir að meðalverðið fara hækkandi og þessi 2000 hross sem fara út geti ekki öll verið keppnishestar. Við erum að fá meira fyrir hestinn og hestarnir eru jafnbetri. Hrossa afurðir eru að skila meiru en sauðfjárafurðir og við eigum að geta gert kröfur um fjármagn til að styrkja greinina enn frekar.

KG sagðist veifa þessu eins og hægt væri en enginn hlustar.

ÁM sagði skýrsluna eina leið til að draga þetta fram. Styrkir til greinarinnar hafa komið úr ýmsum áttum. Hvað með aðra sjóði, framleiðnisjóður t.d.? Kristinn G. sagði þann sjóð hafa lagt mikið fé í exem rannsóknir og á meðan hafi greinin ekki sótt um annað.

ÁM sagði það auðvitað mikil vonbrigði að þróunarfé sé tekið út nú þegar skýrslan er að koma.

ÓE sagði lækkun á vsk lykilatriði – þá fengi ríkið meiri skatt.

ÁM sagði það mistök að ekki væri umfjöllun um útgáfumál í skýrslunni.

Kristinn Hugason sagði WF auðvitað þurfa þróunarframlag – sagði nefndina líka hafa verið á því að framhald þróunarfjár væri lykilatriði, en sú varnarbarátta hafðist ekki. Honum gremst að BÍ vinni ekki út frá tillögunum í stað þess að hlaupa í vörn.

EE spurði um exemið. KH sagði að það væru líka mistök að tala ekki meira um það sem og framleiðnisjóð í skýrslunni. Það sem nefndin taldi vera í góðu lagi sat kannski eftir.

SB spurði hvort kæmi til greina að skattleggja útflutning meira til að skapa þróunarfé? Sagðist vona að landbúnaðarráðuneytið styrki ekki FEIF á undan FHB og lagði til að sótt yrði um nýtt verkefni með hinu fagfélaginu, FT, til ráðuneytisins.

Matarhlé

**Bjarni Maronsson frá landgræðslunni** kom til fundar og rifjaði upp könnun á hrossahögum fyrir nokkrum árum síðan sem varð til mikilla bóta. Engu að síður hafa verið að koma upp slæm dæmi öðru hvoru og þarf að fylgja þessum málum eftir, ekki verið gert mikið síðustu 2-3 árin. Nú er landgræðslan hins vegar til í að fara af stað með slíka ástandskönnun á ný og var Bjarna falið að móta hugmyndir um hvernig að þessu skyldi staðið. Þetta yrði öðru vísi núna en síðast því núna eru héraðsfulltrúar á hverju svæði, ástandið er líka betra en það var 95-96. Ekki ætlunin að eltast við smáræði, heldur taka á alvöru vandræðum. Vilja heyra álit FHB á málinu og leggja tillögurnar fyrir félagið og helst fá það til samstarfs. Eru núna með kjarna fólks sem kann að meta land og núna liggur einnig fyrir flokkunarskali. BM lagði fram gögn um „Hrossahaga 2010“ og kynnti.

Samstarf við FHB hefur verið mjög gott og Bjarni óskar eftir áframhaldi þar á í gegnum þetta verkefni. Eyþór velti fyrir sér tímasetningu úttektar, sá tími hlýtur að þurfa að vera nokkuð samræmdur svo ekki sé verið að taka sumt land út í bata og annað nýbitið. BM sagði að miðað væri við að taka sem mest út í lok beitartímans.

SB spurði hvort ekki mætti skrá vannýttar jarðir líka? Sem og jarðir þar sem hólf eru misgóð, sum slæm

og önnur góð – leiðbeina um betri nýtingu. Leggur til að verkefnið heitir Betri hrossahagar 2010.

KG spyr um fjármögnun – Landgræðslan borgar.

Stjórn tók erindinu jákvætt en óskar eftir að fá að skoða niðurstöðurnar og taka þátt í undirbúningi kynningar á þeim. BM eðlilegt að samstarfsaðilinn fái niðurstöðurnar.

SB tilvalið að kynna þetta í fundarferð Guðlaugs og Kristins. Og kynna þetta í Bændablaðinu áður en könnunin fer af stað.

### **Lyfjaskráning og merkingar – MAST**

Búið er að samþykkja WF sem rafrænan hestapassa og dýralæknar þurfa að fara að skrá inn lyf.

Núna er þetta þannig að engu hrossi fæst slátrað nema að það sé einstaklingsmerkt og merkja verður hryssur sem eru með folöld sem á að slátra. Folöldin svo merkt t.d. með hvítu teipi í fax og númer móður skrifað þar á. Reyna að finna einhvern farveg fyrir eldri hrossin sem ekki hafa verið merkt. Ómerktir gripir hafa engan farveg, nema að skjóta þá. Þetta þarf að kynna vel fyrir hrossabændum.

**Sýningagjöld.** Hækka þurfti sýningagjöldin í ár vegna hins svokallaða „Breeding fee“ hjá FEIF sem rennur til WorldFengs. Rætt um tíma á endurgreiðslu sýningargjalda. Reyna þarf að mæta með því með lipurð, t.d. með því að mega umskrá tíma á annað hross.

**Stefnumótun FHB.** Hulda og Sigbjörn kynntu stefnumótunarvinnu sína þar sem farið er í gegnum framtíðarstefnumótun félagsins og forgangsröðun verkefna. Stjórnarmönnum leist vel á og verður áfram unnið úr þeim gögnum sem HG og SB lögðu fram.

**Markaðsverkefni.** Hulda kynnti samstarf sitt við kvikmyndafyrirtækið Profilm sem vinnur að gerð gagnvirks DVD disks um íslenska hestinn. Spennandi verkefni sem gæti vigtað þungt í kynningu á íslenska hestinum.

**Árssamantekt FHB.** Hugmyndir Eypórs um útgáfu á nokkurs konar árssamantekt FHB ræddar. Hulda lagði fram gögn um kostnað við slíka útgáfu. Málið rætt og ákveðið að reyna að nýta heimasíðuna sem best í þessum tilgangi og safna gögnum þar inn.

**Haraldur Benediktsson, form. BÍ** kom til fundar, rætt um Landsmót ehf. og val á landsmótsstað. Landsmót ehf. átti að vera sjálfstæð stofnun en nú sitja formaður og varaformaður LH í stjórnunarstöðum þar. Málið rætt vítt og breitt og í framhaldinu ákveðið að stofna starfshóp hjá FHB og BÍ til að skoða framtíð sýningahalds kynbótahrossa.

**Jón Baldur frá WorldFeng** kom til fundar, rætt um áskriftir og samstarf. Þurfum upplýsingar um hversu margir af okkar félögum eru í áskrift, en eiga ekki aðgang í gegnum LH. Skoða svo stöðuna og fjárframlag FHB til WF og framtíðarfyrirkomulag. Samþykkt að veita 350.000 í WF 2010.

**Stóðhestaskýrslur og fyljunarvottorð** – þarf að endurskoða núverandi fyrirkomulag í ljósi kvartana. Svo virðist sem sumir stóðhestahaldarar skili bara inn upplýsingum um fengnar hryssur og aðrir skila engu. DNA greining hefur bara með ætterni að gera, en hitt snýst um gæðaskýrsluhald og ekki líðandi að hægt sé að falska skýrslur.

Farið yfir uppgjör **Uppskeruhátíðar hestamanna** og rætt um framtíð þess verkefnis. Samþykkt að skoða það frekar jafnvel með breytingar í huga.

**Fjármál.** Farið yfir stöðu fjármála.

Rætt lauslega um verkefni komandi árs. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.

HGG/hgg